

## REGLUR

### um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2003.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2003 eru settar skv. 116. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. tl. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila, sem færa ber á rekstrarreikning landbún- aðarskýrslu fyrir árið 2003.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afraksturs eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir, sem falla undir reglur þessar, afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2003 er sem hér segir:

Mjólk .....	41 kr. hver lítri
Egg .....	250 kr. hvert kg
Kartöflur .....	46 kr. hvert kg
Rófur .....	72 kr. hvert kg
Lambakjöt .....	310 kr. hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé .....	280 kr. hvert kg
Annað kjöt af sauðfé .....	120 kr. hvert kg
Ungnautakjöt .....	295 kr. hvert kg
Annað kjöt af nautgripum .....	190 kr. hvert kg
Folaldakjöt .....	190 kr. hvert kg
Annað kjöt af hrossum .....	100 kr. hvert kg
Grísakjöt .....	170 kr. hvert kg
Annað svínakjöt .....	105 kr. hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir .....	415 kr. hvert kg
Annað fuglakjöt .....	260 kr. hvert kg
Fiskur .....	200 kr. hvert kg

*Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 2003.*

**Geir H. Haarde.**

*Mariánnna Jónasdóttir.*